

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Leikskólinn Sunnuás
2020 – 2021



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós Sunnuáss	4
1. Greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2. Verkefnaáætlun	5
3. Innra mat leikskólans	6
3.1 Greinagerð deildarstjóra Barnhóls um starfið á síðasta ári	9
3.2 Greinagerð deildarstjóra Dyngju um starfið á síðasta ári	9
3.3 Greinagerð deildarstjóra Álfabrekku um starfið á síðasta ári	11
3.4 Greinagerð deildarstjóra Langholts um starfið á síðasta ári	12
3.5 Greinagerð deildarstjóra Áss um starfið á síðasta ári	13
3.6 Greinagerð deildarstjóra Langasands um starfið á síðasta ári	15
3.7 Greinagerð deildarstjóra Hlíðarenda um starfið á síðasta ári	16
4. Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
6. Foreldrasamvinna	21
7. Samstarf leik – og grunnskóla	21
8. Skipulagsdagar	22
9. Fylgigögn	22

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

*AÐ Í SUNNUÁSI RÍKI VIRÐING FYRIR EINSTAKLINGNUM OG
UMHVERFINU, SJÁLFRÆÐI, SKÖPUN OG LEIKGLEÐI*

1. Greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Leikskólaársins 2019- 2020 verður án efa minnst sem þessa fordæmalaus fram til þessa í starfi leikskólans Sunnuási. Allt leikskólaárið hefur minnst einn til tveir starfsmenn verið í langvarandi veikindaleyfi og því kom sér vel að það tókst að ráða í flest allar stöður. Það er að besta staðan frá stofnun skólans 2011, en það vantaði börn.

Það er sérstakt fagnaðarefni að ráðinn var nýr deildarstjóri á deildina Barnhól (ein af smábarnadeildunum) sem hefur verið lokað í tvö ár og er búið að opna.

Í upphafi leikskólaársins bættist því hópur nýliða að koma til starfa og ákvörðun stjórnendateymisins var að leggja sérstaklega áherslu á fræðslu og leiðbeiningar til þessa hóps. Á skipulagsdegi að hausti var sérstök fræðsla um félagsfærni og hugmyndafræði leikskólans fyrir þennan hóp.

Á skipulagsdegi í október voru vinnusmiðjur þar sem leikskólakennarar voru með sýnikennslu í skapandi starfi og nýliðar og aðrir með styttri starfsaldur gátu kynnst viðfangsefnunum og hvernig þau eru lögð fyrir börnin.

Fulltrúar frá Mannréttindastofu Reykjavíkurborgar kynnti mannréttindastefnu borgarinnar og hlutverk stofunnar.

Félagsfærnin varð fyrir valinu hjá starfsfólki sem áhersluþáttur í menntastefnunni enda á hugmyndafræði leikskólans rætur sínar á því sviði.

Eitt af áætluðum viðfangsefnum leikskólaársins var að innleiða Barnasáttmálann og sækja um að verða réttindaskóli og hófst sú vinna í ágúst með kynningu á verkefninu og hópavinnu starfsfólks um efnið. Ellen Colman verkefnastjóri var með fyrirlestur um Barnasáttmálann á haustönninni. Verkefnavinna starfsmanna um Barnasáttmálann fór fram á fjórum skipulagsdögum á árinu og fjórir deildarstjórar sóttu námskeið þar um. Vegna skerts leikskólastarfs vegna verkfalls og síðan Covid-19 var ljóst að ekki gæfist færi á að vinna verkefnið með börnunum og því er það markmið að halda því áfram á komandi leikskólaári. Verfall í febrúar var erfiður tími, leikskólastarfið skert þar sem stór hópur starfsfólks var fjarri góðu gamni og þeirra saknað. Það voru fagnaðarfundir þegar því lauk og börn sem

tilheyrðu forgangshópnum lýstu gleði sinni yfir að fá alla til baka. Fjórir eðlilegir dagar og þá breyttist allt.

Skert starfsemi í skugga Covid, óvissa, sóttbreitsun, engin útikennsla um tíma, hvað, hvenær og hvernig framtíð. Í Sunnuási greindist enginn með smit hvorki börn eða fullorðnir, en leikskólinn lokaði einn dag í varúðarskini á meðan beðið var eftir niðurstöðum úr prófi á einum starfsmanni. Það er þakkarvert. Starfsfólkið fær sérstakt hrós fyrir æðruleysi og samheldni á erfiðum tímum.

En nú er betri tíð með blóm í haga. Barnasáttmálinn, umhverfismenntunin og félagsfærnin munu ráða för skólaárið 2020 -2021 virðing fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Sköpun barnanna í fyrirrúmi og gleðin í leik og starfi þar sem allir fá notið sín.

2. Verkefnaáætlun

Það helsta í faglegum áherslum leikskólans fyrir næsta skólaár er t.a.m að eiga opin og jákvæð samskipti við foreldra barnanna og að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott. Einnig að viðhalda starfsanda/starfsánægju og leggja áherslu á uppeldis og menntastarf barnanna svo sem barnasáttmálann og umhverfismennt/útikennslu.

Hér að neðan má sjá verkefnaáætlun um það helsta sem Sunnuás ætlar að leggja áherslu á, á skólaárinu. Stjórnunarteymi skólans er ábyrgt fyrir áætluninni en það eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnastjóri og deildarstjórar.

Viðfangsefni		Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl
Stjórnun	<i>Fagfundir</i>	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*		
Stjórnun	<i>Námskrá/uppfæra</i>							*					
Stjórnun	<i>Starfsáætlun</i>											*	
Stjórnun	<i>Töfrar bernskunnar/skila greinagerð</i>											*	
Uppeldis og menntastarf	<i>Umhverfismennt</i>	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Uppeldis og menntastarf	<i>Barnasáttmálinn</i>	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Mannauður	<i>Starfsmannasamtöl</i>			*					*				
Mannauður	<i>Starfsmannakönnun/ starfsánægja</i>			*					*				
Mannauður	<i>Viðhalda starfsanda</i>	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Leikskólabragur	<i>Foreldrasamtöl</i>			*						*			
Leikskólabragur	<i>Foreldrakynning</i>		*	*									
Leikskólabragur	<i>Endurnýja heima- síðu leikskólans</i>		*										
Leikskólabragur	<i>Foreldrakönnun</i>									*			

3. Innra mat leikskólans

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi. Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8. Gera skal matsáætlun/umbótaráætlun og gert grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2019-2020). Helstu matsaðferðir Sunnuáss eru spurningalistar sem eru lagðir fyrir starfsmannahópin hvort sem er einstaklings svörun og eða svörun í hópum. Rafrænar kannanir lagðar fyrir foreldra, myndaspurningar og umræður í barnahópnum. Þetta er gert meðal annars á deildafundum, skipulagdögum, í starfi með börnunum og spurningalistar sendir til foreldra.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Útikennsla	Útikennsla eykur samvinnu og styrkir félagstengsl barnanna. Í útikennslu kynnumst við og gerum börnin meðvitaðri um sitt nærumhverfi.	Deildastjóri skal útbúa skipulag varðandi útikennslu þar sem fram kemur tilgangur, markmið og viðfangsefni hverrar ferðar.	Sept. – maí	Deilda- stjórar	Endurmat mun fara fram á deilda- fundum. Starfs- menn meta hvort viðmiðum um árangur hafi náðst. <i>Grænt ljós: Ef farið var í útikennslu, hvort umræða var í barnahópnum og skráning gerð um upplifun þeirra af útikennslunni.</i> <i>Gult ljós: Ef farið var í útikennslu en ekki var unnið meira með hana.</i> <i>Rautt ljós: Ekki farið</i>	Ef Grænt ljós nær 80% eða yfir
Barna- sáttmálinn Réttindaskóli UNICEF	Markmið Réttindaskóla er að skapa lýðræðislegt umhverfi með því að efla þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Stuðla að gagnkvæmri virðingu innan leikskólans með verkefnum tengdum Barnasáttmálanum að leiðarljósi.	Allir starfmenn kynna sér barna- sáttmálann til þess að tengja hann við starfið og hug- myndafræðina sem er nú þegar til staðar í leikskólanum. Fyrirlestur haldinn á skipulagsdegi fyrir starfsfólk. Unnið verður eftir verkefnaöppu UNICEF allt skólaárið.	Ágúst - maí	Deilda- stjórar	Endurmat fer fram á deildafundum, deildastjórafundum og tveim starfs- mannafundum fyrir og eftir júl. Á starfs- mannafundunum munu deildastjórar kynna verkefnið sem þeirra barna hópur hefur gert.	Viðurkenning Réttindaskóla UNICEF
Einkunnarorð leikskólans: Virðing, Sköpun, Gleði	Gera einkunnarorð Sunnuáss sýnilegri í umhverfi leikskólans. Að börn og starfsfólk tileinki sér einkunnarorðin í öllu starfi, svo sem framkomu, sam- skiptum, hugtaka- notkun í leik og starfi.	Velja og vinna með orð, hugtök og orðatiltæki sem tengjast virðingu, gleði og sköpun	október -maí	Stjórnenda -teymi leikskólans	Deildarfundir með umræðum, hópavinna á skipulagsdögum	Börn og starfsmenn þekki einkunnarorð Sunnuáss.

Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Flestum deildum gekk vel að vinna út frá umbótaþáttum fyrir áramót 2020. Einkunnarorð leikskólans voru gerð sýnileg á öllum deildum og mikil umræða skapaðist hjá starfsfólki og börnum varðandi merkingu orðanna. Vegna aðstæðna í samfélaginu eftir áramót svo sem verkfall og heimsfaraldur var útikennsla lögð niður þar til í júní 2020. Deildum gekk þó vel að fara í útikennslu einu sinni í viku haustið 2019 en stóðust þó ekki viðmið um árangur 80% grænt ljós. Því verður útikennsla metin aftur á nýju skólaári. Það sama má segja um verkefnið í tengslum við barnasáttmálann.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar - aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Útikennsla	Útikennsla eykur samvinnu og styrkir félagstengsl barnanna. Í úti-kennslu kynnumst við og gerum börnin meðvitaðri um sitt nærumhverfi.	Deildastjóri skal útbúa skipulag varðandi úti-kennslu þar sem fram kemur tilgangur, markmið og viðfangsefni.	Sep – maí	Deilda-stjórar	Endurmat mun fara fram á deildafundum. Starfsmenn meta hvort viðmiðum um árangur hafi náðst. <i>Grænt ljós: Ef farið var í útikennslu, hvort umræða var í barna-hópnum og skráning gerð um upplifun þeirra af útikennslunni.</i> <i>Gult ljós: Ef farið var í útikennslu en ekki var unnið meira með hana.</i> <i>Rautt ljós: Ekki farið</i>	Ef Grænt ljós nær 80% eða yfir
Barna-sáttmálinn Réttindaskóli UNICEF	Markmið Réttinda-skóla er að skapa lýðræðislegt umhverfi með því að efla þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Stuðla að gagn-kvæmri virðingu innan leikskólans með verkefnum tengdum Barna-sáttmálanum að leiðarljósi.	Allir starfsmenn kynna sér barnasáttmálann til þess að tengja hann við starfið og hugmynda fræðina sem er nú þegar til staðar í leik-skólanum. Fyrirlestur haldinn á skipulagsdegi fyrir starfsfólk. Unnið verður eftir verkefnaöppu UNICEF allt skólaárið.	Ágúst - maí	Deilda-stjórar	Endurmat fer fram á deildafundum, deildastjórafundum og tveim starfs-mannafundum fyrir og eftir jól. Á starfs-mannafundunum munu deildastjórar kynna verkefnin sem þeirra barna hópur hefur gert.	Viðurkenning Réttindaskóla UNICEF
Grænfáninn	Sunnuás er skóli á grænni grein og flaggar grænfánum. Til þess að halda í þessa viðurkenning verðum við að viðhalda og ýta undir umhverfismennt í öllum þáttum daglegsstarfs. Á þessu skólaári er lögð áhersla á moltugerð og ræktun.	Keyptar voru nýjar moltutunnur í vor. Við munum kynna betur fyrir starfsfólki um-hirðuna í kringum moltutunnunar. Einnig á að hvetja börnin að taka meiri þátt í moltu-gerðinni og vera meðvitaðari um ræktunarferlið. Kynning fer fram á skipu-lagsdegi í september.	Allt árið	Stjórnunar - teymið ásamt starfsfólki	Endurmat mun fara fram á deildafundum, deildastjóri ber ábyrgð á því að fræða nýtt starfsfólk um markmið/umhirðu moltugerðar og ræktunnar. Börnin taka þátt í endurmatinu með því að teikna mynd af ferlinu. Endurmat barnanna fer fram í byrjun júní eftir gróðursetningu.	Allir starfsmenn færir um að sinna verkefnum í tengslum við moltugerð og ræktun. Eldri börnin gera sér grein fyrir tilgangi og markmiðum moltugerðar og ræktun matjurta/ blóma.
Félagsfærni: Töfrar bernskunnar	Markmið verkefnisins er að styrkja kennara í sínu starfi við að efla félagsfærni barna. Að nemendur leikskólans útskrifist með sterka sjálfsmynd og góða félagsfærni. Starfsfólk geti tileinka sér kenningar og starfshætti leikskólans. Kennarar leikskólans styrki sína félagsfærni og sjálfa sig sem kennara og manneskjur.	Verkefnastjóri leiði nýliðafræðslu, verði leiðbeinandi nýrra starfsmanna og veiti þeim stuðning við að tileinka sér kenningar og starfshætti leik-skólans. Deildarstjórar styrkist í starfi sem stjórnendur og deili verkefnum til starfs-manna deildarinnar eftir styrkleikum hvers og eins.	Ágúst - maí	Stjórnunar - teymið ásamt starfsfólki	Endurmat starfsfólks á deildafundum, starfsmannafundum, á skipulagsdögum og í könnunum. Foreldrar endurmeti með umræðum í foreldra-samtölum, fundum og svar á könnunum.	Ávinningurinn ætti að vera sá að starfsfólki og börnum líði vel í leik-skólanum, í leik námi og starfi og að nemendur leikskólans útskrifist með sterka sjálfs-mynd og góða félagsfærni

3.1 Greinagerð deildarstjóra Barnhóls um starfið á síðasta ári

Áætlað er að Barnhóll muni opna aftur mánudaginn 15. júní 2020. Deildin hefur verið lokað undanfarin ár vegna vöntunar á starfsfólki. Því verður ekki gerð umbótaráætlun fyrr en vorið 2021. Barnhóll er ein af tveimur deildum Sunnuás sem skilgreinist sem ungbarnadeild og er áætlað að þar verði tíu börn á aldrinum 12 – 24 mánaða eða 20 barngildi sem eru tveir og hálfur starfsmaður.

Markmið starfseminnar á Barnhóli er að stuðla að sjálfshjálpi, málörvun og sköpun í gegnum leik. Börn verða hvött til þess að efla getu sína og færni í þeim fjölbreyttu verkefnum sem leikskóladagurinn hefur upp á að bjóða. Með sjálfshjálpi er átt við athafnir s.s. að matast, klæðast, leika, skapa o.s.frv.. Innan markmiða um málörvun er að útbúa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til þess að læra tungumálið s.s. í gegnum söng, hlustun og samræður. Með sköpun fá börnin tækifæri til þess að njóta, tjá og hafa skoðanir á því sem við erum að gera í gegnum leik og list.

3.2 Greinagerð deildarstjóra Dyngju um starfið á síðasta ári

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Útikennsla	Að farið verði í útkennslu reglulega. Reiknað með að hvert barn fari 2x í mánuði	Nota útikennslugarðinn fyrir útkennslu þegar ekki er nóg starfsfólk til þess að fara út fyrir garðinn. Halda utan um reglulega skráningu	September - maí	Deildarstjóri	Deildarfundir einu sinni í mánuði	Að börn fari 2x sinnum á mánuði
Samvera	Að samvera haldist reglulegur liður í dagskipulagi og þar verði unnið markvisst með söng, bókalestur og fleira	Passa betur upp á tímasetningar, skipta hópnum í tvennt. Velja lög og bækur fyrirfram	Ágúst - maí	Allir starfsmenn deildar	Deildarfundir, þar sem rætt er um og samverustundir skipulagðar	Að samvera haldist reglulegur og jafnlangur dagskráarliður á hverjum degi

Umbótaþættir skólaárið 2019 – 2020

Dyngjunni var breytt í smábarnadeild haustið 2017. Ætlunin er að þar séu allt að 16 börn þegar hún er fullmönnuð. Haustið 2019 byrjuðu hjá okkur 11 börn sem þá voru fædd í janúar og fram í júní 2018. Starfsmenn voru 4 þ.e. deildarstjóri sem er leikskólakennari í 100% starfi. 3 leiðbeinendur tveir í 80% starfi og einn í 90% starfi. Eftir áramót breytti einn leiðbeinandi starfshlutfallinu í 100% starf. Eftir áramót áttum við að taka á móti nýjum börnum en þá kom

verkfall hjá leiðbeinendum og svo Covid svo við vorum með skerðingu á starfi. Deildarstjóri var eini starfsmaður á deildinni í á verkfallstímanum og tók á móti 4 börnum daglega. Á Covid tímabilinu var einn starfsmaður í fríi og svo í sóttkví. Börnin mættu annan hvern dag. Um leið og létt var á höftum vegna Covid mættu öll börn og við tókum inn 3 börn sem eru fædd 2019.

Yfir höfuð gekk frekar vel hjá okkur á Dyngju. Flest markmið okkar í umbótaáætluninni gengu upp þrátt fyrir mikla skerðingu í vetur. Aðlögun að hausti gekk vel en það er þátttökuaðlögun. Starfsmenn voru 3,5 sem var erfitt, því deildarstjóri var eini kennarinn í 100% starfi. Framan af var meira verið að leyfa börnunum að aðlagast vel, kynnast starfsfólkinu og umhverfinu. Skipulagt starf var af skornum skammti þar sem börnin voru ekki búin að öðlast nægjanlegt öryggi til að taka þátt í því. Við vorum með skipulag sem lítið var unnið eftir fyrir áramót verkfalls og Covid. Við vorum með skapandi starf en það var misjafnt hvort það fór fram inni í listasmiðju eða inni á deild. Allir náðu samt að búa til nokkur sköpunarverk svo þeir gátu valið hvað þeir vildu gefa í jólagjöf. Eins náðu öll börnin að búa til sinn eigin búning fyrir öskudaginn, öskudagsballið var svo í byrjun júní sökum Covid. Nægur tími fór í frjálsa leikinn. Við fórum líka í könnunarleik, hreyfirými og listasmiðju. Börnunum var skipt upp í hópa og gekk það ágætlega. Starfsfólki finnst gott þegar skipulagt starf er í byrjun dags og svo fara allir út að leika sér.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Samvera	Að samvera haldist reglulegur liður í dagskipulagi og þar verði unnið markvisst með söng, bókalestur og fleira	byrja samverustund á réttum tíma, skipta hópnum í tvennt. Velja lög og bækur fyrirfram	Ágúst - maí	Allir starfsmenn deildar	Deildarfundir, þar sem rætt er um og samverustundir skipulagðar	Að samvera haldist reglulegur og jafnlangur dagskráarliður á hverjum degi

Umbótaþættir skólaárið 2020 – 2021

3.3 Greinagerð deildarstjóra Álfabrekku um starfið á síðasta ári

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Samverustund	Að börnin læri að vera hluti af hóp, hlusta, taka á moti skilaboðun.	Félagsfærni- sögur, leikir og söngvar. Börnin æfa sig að sitja í söngstund. Hrósum þegar vel gengur og erum hvetjandi og jákvæð í samskiptum við þau.	Haust - 2019 vor - 2020	Allir starfsmenn á Álfabrekku.	Simat á deildafundum þar sem rætt er hvernig gengur. Umræður í starfinu.	Að samvera- stundir séu marvissar 2 á degi hverjum.
Útikennsla	Börnin áttu svo að tjá sig um sína upplifun af útikennslunni og kennari myndi svo gera skráningu út frá upplifun þeirra.	Með að setja fasta daga sem við förum út í gönguferðir, útikenslu.	Haust - 2019 vor - 2020	Deildarstjóri	Simat á deildafundum þar sem rætt er hvernig gengur. Umræður í starfinu.	Útikennsla
Frjáls leikur	Að frjálsa leiknum sé gefinn tími og rými í dagskipulagi deildarinnar.	Starfsfólk fylgis með og lesi í leik barnanna ásamt því að aðstoða þau börn sem virðast ekki komast inn í leikinn.	Haust - 2019 vor - 2020	Allir starfsmenn á Álfabrekku.	Að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi frjálsa leikins og börnin fái tækifæri til að þróa leikinn sinn og finna djúpa leikgleði.	Frjáls leikur

Umbótaþættir skólaárið 2019 – 2020

Haustið 2019 byrjuðu hjá okkur 11 börn sem þá voru fædd í október 2017 og fram í maí 2018, 4 hættu fyrir áramót. Haustið byrjaði vel, aðlögun gekk mjög vel. Á Álfabrekku höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika og vináttu.

Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálsan leik. Við byrjuðum á hópastarfi þar sem við skiptum þeim upp í hópa og fór hver hópur einu sinni í viku í hópastarf.

Í málörvun var notast við málörvanaefnið „Lubbi finnur málbein“ og hljóðasmiðju Lubba. Við viljum halda áfram með það markmið en þar sem barnahópurinn mun yngjast töluvert næsta vetur munum við einbeita okkur meira að Lubba.

Í janúar byrjaði nýr starfsmaður hjá okkur á Álfabrekku og hún var mjög fljót að aðlagast deildinni, annar starfsmaður í janúar fór í langt veikindaleyfi kom svo aftur í maí.

Eftir áramót frestaðist margt í starfinu vegna meðal annars verkfalls og svo Covid-19. En við höfum unnið hörðum höndum við það sem hægt var.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Hljóðasmiðja Lubba lögð á að tengja saman málhljóðin.	Vinum með Lubba í hópastarfinu. Vinnan með Lubba flítað inn í daglegt starf á deildinni.	Haut - 2020 vor - 2021	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn á Álfabrekku.	Samtal á deildarfundum.	Vekja áhuga barnana á bókum, lestri, rími, söng.

Umbótaþættir skólaárið 2020 – 2021

3.4 Greinagerð deildarstjóra Langholts um starfið á síðasta ári

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Útikennsla	Að farið verði í útikennslu reglulega. Reiknað með að hvert barn fari 2x í mánuði	Nota útikennslugarðinn fyrir útikennslu þegar ekki er nóg starfsfólk til þess að fara út fyrir garðinn. Halda utan um reglulega skráningu	Sep - maí	Deildarstjóri	Deildarfundir einu sinni í mánuði	Að börn fari 2x sinnum á mánuði
Samvera	Að samvera haldist reglulegur liður í dagskipulagi og þar verði unnið markvisst með söng, bókalestur og fleira	Passa betur upp á tímasetningar, skipta hópnum í tvennt. Velja lög og bækur fyrirfram	Ágúst - maí	Allir starfsmenn deildar	Deildarfundir, þar sem rætt er um og samverustundir skipulagðar	Að samvera haldist reglulegur og jafnlangur dagskráarliður á hverjum degi

Umbótaþættir skólaárið 2019 – 2020

Á Langholti voru 15-16 börn yfir árið. Starfsmannahópurinn hélst hinn sami frá september með einni viðbót af starfsmanni í janúar. Umbótaþættir ársins voru útikennsla og samverustund. Báðir þættir gengu vel en erfitt var að halda í endurmat þar sem deildarfundir féllu stundum niður og varð oft langt á milli þeirra. Verkfall og Covid-19 hafði mikil áhrif á

seinni part skólaársins. Mikið af skipulögðu starfi datt niður, sérstaklega þá yfir verkfallið en byrjaði aftur yfir Covid-19.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar - aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Samvera	Að samvera haldist reglulegur liður í dagskipulagi og þar verði unnið markvisst með söng, bókaletur og fleira	byrja samverustund á réttum tíma, skipta hópnum í tvennt. Velja lög og bækur fyrirfram	Ágúst - maí	Allir starfsmenn deildar	Deildarfundir, þar sem rætt er um og samverustundir skipulagðar	Að samvera haldist reglulegur og jafnlangur dagskráarliður á hverjum degi

Umbótaþættir skólaárið 2020 – 2021

3.5 Greinagerð deildarstjóra Áss um starfið á síðasta ári

Greinagerð deildarstjóra Áss árgangur 2016 og 2017. um starfið á síðasta ári. Niðurstöður fyrir árið 2019 – 2020 voru 21 barn og 4 stöðugildi ásamt starfsmönnum fyrir sérkennslu og annað. 10 börn höfðu annað tungumál en íslensku.

Haustið fór í að kynnst og aðlagast saman, deildin var þung framan af hausti, mikið um fundi og mörg börn í greiningarferli. Markmið síðasta vetrar var að vinna með sjálfstjórn og sjálfshjálp. Markmiðið var að auka sjálfshjálp og sjálfræði barnanna, börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hjálpa börnunum að koma athöfnum í orð, mikilvægt er að setja orð á alla hluti og kemur það sér vel fyrir öll börn.

Við vinnum samkvæmt umhverfismarkmiðum leikskólans, flokkum rusl, pappír, plast og annað sem til fellur. Við höfum aðgang að moltutunnum og gróðurkassa í garðinum, á svæði sem er upplagt í útikennslu.

Inni á deild höfum við sett niður fræ og steina úr ávöxtum og grænmeti, dæmi úr síðdegishressingu þar sem barni var boðið upp á niðurskorna papriku, upp úr því fór barnið að velta fyrir sér hvernig paprika yrði til. Barnið rölti inn í eldhús og sótti papriku, sem var skorin niður og barnið fræhreinsaði og setti fræin niður í mold ásamt fleiri börnum. Upp úr moldinni óx paprikujurt en því miður náði tilraunin ekki lengra að þessu sinni.

Í gróðurkassann höfum við sett niður kartöflur, grænmeti og blóm. Í fyrra færðum við öll blómin okkar, avocado, eplatré, mangó og appelsínu og tómata og geymdum þau úti í sumarfríinu og þau lifðu sumarið af, enda var um óvenju sólríkt og gott sumar.

Þessi vetur var alls ekki eins og við höfðum skipulagt, það kom verkfall og síðan covid-19.

Deildarstjóri fór í ófyrirséð veikindaleyfi, svo veturinn fór ekki eftir óskum.

Börnin aðlagast vel breyttum hefðum og nýrri rútínu og þau þurftu að aðlaga sig að nýja hópnum sínum. Ekki voru börn endilega saman í hóp sem höfðu venjulega valið sér að leika eða vinna saman að verkefnum. Þetta var gott fyrir félagsþroskann, og gerði börnin sterkari félagslega fyrir vikið.

Sköpun verður áfram fastur liður í dagsskipulaginu, börnin hafa frjálstan aðgang að opnum efnivið inni á deild og geta því gengið í hann eftir óskum hverju sinni. Börnin hafa aðgang að sandpappír, spýtum, garni, hvort sem um er að ræða að vefa, vefja, klippa, líma, sauma, mála eða leira. Við höfum búið til leir þannig að börnin hafa aðgang að leir daglega. Við málum með vatnslitum inni á deild en stór verkefni og mikil efni eins og málning notum við inni í listasmiðju sem við deilum með öðrum deildum.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfs hjálpa	auka sjálfræði barna	hjálpa börnum að hjálpa sér sjálf	ágúst 2020- maí 2021	starfsmenn deildarinnar	yfir allt skólaárið á mánaðar- legum deildar- fundum	að börnin geti hjálpað sér sjálf, við matarborð og klætt sig í og úr
Sjálfsstjórn	börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum	hjálpa börnum að koma athöfnum í orð, börnin tjái tilfinningar sínar	ágúst 2020- maí 2021	starfsmenn deildarinnar	allt skólaárið á mánaðar- legum deildar- fundum	börnin geti látið aðra vita hvað þau vilja og hvað þau vilja ekki, og látið vita hvernig þeim líður
Samverustund	málörvun	eiga sameiginlega stund þar, sem við lesum,leikum, segjum sögur og semjum sögur og ljóð, auka samræður og leika okkur með orð og orðatiltæki, fáum tilfinningu fyrir skólamálinu.	ágúst 2020- maí 2021	starfsmenn deildarinnar	endurmat á mánaðar- legum deildar- fundum	að öll börn séu þátttakendur

Umbótaþættir skólaárið 2020 – 2021

3.6 Greinagerð deildarstjóra Langasands um starfið á síðasta ári

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Vinátta og samkennd	Efla vináttu og samkennd í barnahópnum	Skipta börnunum upp í minni hópa þar sem kennari leiðir hópinn í gegnum ýmsa leiki og	September - maí	Deildarstjóri	Endurmat fer fram á deildarfundum 2x í mánuði þar sem kennarar fara yfir hópastarfið	Sýn starfsmanna um árangur og að meirihluti barna hafa tileinkað sér markmiðið

Umbótaþættir skólaárið 2019 – 2020

Barnahópurinn var samansettur af 18-21 barni fædd árið 2015 – 2016. Á deildinni störfuðu 3-4 starfsmenn ásamt starfsfólki í sérkennslu. Við höfum verið að vinna sérstaklega með lýðræði, og hefur markmiðið verið að styðja betur við valdeflingu barnanna. Kynna átti barnasáttmálann fyrir börnunum. Fá sýn þeirra á lýðræði og vinna með þeim ýmis verkefni tengd lýðræðislegri hugsun. Barnasáttmállinn var sýnilegur inn á deild og notuðu kennarar hvert tækifæri til að spjalla um innihald hans en ekki var unnið með hann á markvissan hátt. Margt var gert vel varðandi þetta ákveðna markmið en margt má bæta. Vegna verkfalls og covid-19 fór þessi vinna aldrei af stað.

Börnin áttu líka að fá meiri stjórn á hvað væri í boði í valinu. Börnin áttu að taka þátt í endurmatinu með því að svara á myndræna hátt hvernig unnið var með lýðræði á deildinni. Sýn og skoðanir barnanna eru virtar og taka þau þátt í að skipuleggja dagsskipulagið t.d. hvaða efniviður er í boði hverju sinni. Þau fá að ákveða hvað er í boði í valinu og komu þau líka með hugmyndir varðandi útikennslu. Útivera var í boði 2x – 3x á dag frá júní – ágúst og fannst börnunum frábært að fá að velja hvort þau væru inni eða úti í leik. Frjálst sætaval var því miður takmarkað vegna truflandi áhrifa á hópinn sem heild. Markmið næsta árs er að börnin eiga ekki ákveðin sæti heldur ráða hvar þau sitja hverju sinni, en um þrjú borð er að velja. Við reynum að ýta undir sjálfshjálp barnanna og jafnvel að aðstoða hvert annað. Vel var byrjað með verkefnið vinátta og samkennd, sögur lesnar og unnið í smærri hópum. Aðstæðurnar í kringum verkfallið og covid sýndu okkur það að börnin njóta sín mun meira í smærri hópum og á kennarinn léttara með að nálgast þau og gefa þeim þann tíma sem þau þurfa. Haldið verður áfram næsta skólaár að skipta barnahópnum upp í minni hópa til að veita þeim meira rými til leiks og sköpunar.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar-aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Tvítýngd börn Málörvun	Gera málörvun tvítýngdra barna markvissari	Fá fræðslu fyrir allt starfsfólk deildarinnar um málörvun og símat á málproska barna af erlendum uppruna. skipulegja vikulegar málörvunarstundir	Ágúst - maí	Deildastjóri	Farið yfir þau gögn sem til eru um málproska þeirra tvítýngdu barna sem eru í leikskólanum	Áætlun um vinnu með tvítýngd börn

Umbótaþættir skólaárið 2020 – 2021

3.7 Greinagerð deildarstjóra Hlíðarenda um starfið á síðasta ári

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar-aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Að hafa markvisst hópastarf þar sem börnin vinna áhugaverð og fjölbreytt verkefni í barnahóp, læra að vinna saman og að tilheyra hópnum.	Skipuleggja hópastarf einu sinni í viku. Hafa gott aðgengi að opnum efnivið.	Sept. - maí	Deildarstjóri ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt. Framkvæmd er í höndum alls starfsfólks deildarinnar	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti tvisvar sinnum á önn.	Að barnið upplifi sig sem hluta af hópnum og fái aukið sjálfstraust í að leysa fjölbreytt verkefni.
Málörvun út frá niðurstöðum HLJÓM-2	HLJÓM-2 er skimun sem er lögð fyrir elstu börn leikskólans til að meta hljóðkerfis- og málvitund þeirra. Niðurstöður úr henni gefa vísbendingar um hvernig börnunum mun ganga að læra að lesa.	Skipta börnunum í hóp úr frá niðurstöðum. Fara vel í þá þætti sem vantar uppá. Vinna markvisst með rím, samstöfur, samsetningu orða, þulur, orð vikunnar, hlustun og fleira til að efla hljóðkerfisvitund. Nota ýmis spil og leiki. Nýta öll tækifæri í daglegu starfi.	Sep - maí	Deildarstjóri ber ábyrgð á að koma með kennsluefni og að þessu sé framfylgt.	HLJÓM-2 tekið aftur í febrúar með þeim börnum sem komu ekki nógu vel út í október. Ef þau hafa ekki náð tilætluðum árangri þarf að prófa þau aftur í maí.	Að börnin nái meðal- eða góðri færni í öllum þáttum HLJÓM-2 áður en þau ljúka leikskólagöngu.

Umbótaþættir skólaárið 2019 – 2020

Skólaárið 2019-2020 voru á deildinni 19 börn fædd 2014. Deildarstjóri fór í óvænt veikindaleyfi frá nóvember 2019 til janúar 2020. Verkfall Eflingarstarfsfólk skoll á í febrúar og fylgdi Covid-19 í kjölfarið. Einnig var nokkuð um mannabreytingar. Setti þetta svip á

leikskólastarfið. Það náðist að fara í ferðir fram til nóvember og byrjað var á því aftur um leið og tækifæri gafst. Allar ferðir voru skráðar af börnum og starfsfólki. Eftir hverja ferð var farið í samveru þar sem ferðin var rædd og skráð með orðum barnanna. Einnig teiknuðu börnin mynd og sögðu frá sinni upplifun. Þessar skráningar ásamt ljósmyndum fara í ferðamöppuna þeirra sem þau taka með sér heim í lok skólaárs.

Mikið áhersla var lögð á skapandi starf. Ekki var þó farið í listasmiðju eins oft og við vildum. Þess í stað var ákveðið að taka meira af skapandi efnivið inn á deild og leyfa börnunum að nota hann við ýmis tækifæri. Öll börnin bjuggu til sína eigin búninga, gerðu leikmuni og sömdu leikrit sem þau sýndu við útskriftina. Í þessu ferli fékk hugmyndaflug og sköpunargleði barnanna að njóta sín.

Erfitt reyndist að koma fyrir markvissri málörvun í litlum hópum. Þess í stað var reynt að vinna með rím, samstöfur, samsett orð og annað sem snýr að hljóðkerfisvitund í samverustundum í stærri hópum. Einnig var reynt að vinna með þessa þætti við ýmis önnur tækifæri, eins og við matborðið, í fataklefunum og í ferðum. Það voru útbúin ýmis spil og verkefni sem börnin spreyttu sig á. Stefnt er að því að halda áfram með þetta á næsta skólaári og jafnvel að gera enn betur. Ekki náðist að prófa börnin aftur í febrúar.

Ekki gafst nægilegur tími í skipulagt hópastarf og er stefnt að því að bæta það á næsta skólaári.

Á þessu skólaári var unnið töluvert með sjálfsmynd barnanna og ýmsar tilfinningar. Börnin fengu tækifæri til að skoða sig sjálf, drauma sína og óskir.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar- aðili/ar	Endurmat hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Að hafa markvisst hópastarf þar sem börnin vinna áhugaverð og fjölbreytt vernefni í barnahóp, læra að vinna saman og að tilheyra hópnum.	Skipuleggja hópastarf einu sinni í viku. Hafa gott aðgengi að opnum efnivið.	Sept - maí	Deildarstjóri ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt. Framkvæmd er í höndum alls starfsfólks deildarinnar	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti tvisvar sinnum á önn.	Að barnið upplifi sig sem hluta af hópnum og fái aukið sjálfstraust í að leysa fjölbreytt verkefni.
Móttaka barna á morgnana	Að börnum og foreldrum líði vel með að mæta í leikskólann. Þegar barni liður vel fær það betra tækifæri til að læra og þroskast.	Minna allt starfsfólk deildarinnar á mikilvægi þess að tekið sé vel á móti barninu og að barnið finni að það skiptir okkur máli.	Sept. - maí	Deildarstjóri ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt. Framkvæmd er í höndum alls starfsfólks deildarinnar	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti tvisvar sinnum á önn. Ræða upplifun foreldranna í foreldrasamtölum.	Að barninu líði vel og fari frá okkur sem sjálfstæður einstaklingur, með góða og sterka sjálfsmynd.

4. Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á þessu tímabili voru 7 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu/ stuðnings.

Þar af var eitt einhverft barn í 1. flokki með 8 tíma stuðning daglega en hann hætti hér þann 1. júní. Tvö einhverf börn í 1. flokki með 6 tíma stuðning. Eitt barn færðist í 1. flokk eftir greiningu í febrúar og hefur fengið 6 tíma stuðning eftir það. Einnig byrjaði hér í vor 2020 eitt barn í 1. flokki sem er með 8 tíma stuðning daglega. Hin börnin fengu úthlutað samkvæmt öðrum flokki og fengu mismunandi marga tíma.

Samtals hafa því verið 5 börn hér í 1. flokki á þessu ári og tvö börn í 2. flokki.

Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og sjö þjálfarar, þeir störfuðu ekki allir á sama tíma en voru í 40 – 100 % starfi.

Einn sérkennslustjóri í 100 % starfi, menntaður þroskaþjálfari.

Þrír starfsmenn í 100 % starfi, með BSc. próf í sálfræði. Annar þeirra starfaði einungis í 5 mánuði og hinn hætti hér þann 1. desember. Einn starfsmaður með BSc. próf í sálfræði frá miðjum nóvember '19. Einn starfsmaður í 40 prósent vinnu frá júní – apríl. Einn starfsmaður, menntaður leikari í 50 % starfi en hann hætti 1. janúar 2020. Einn starfsmaður í 50 % starfi frá 1. febrúar '19 til 1. júní '20

Auk þess voru ráðnir starfsmenn til sumarstarfa við sérkennslu í byrjun og um miðbik sumars 2 í 100 prósent starf og einn til að sinna málörvun tvítyngdra barna og börnum sem líklegt er að þurfi sérkennslu. Allir þessir starfsmenn eru í meistaranámi í barnasálfræði í H.Í.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.

Lögð er áhersla á að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að hjá barni í leikskólanum. Málörvun fer fram inni á deildum og í öllum eðlilegum aðstæðum. Lögð er áhersla á að starfsmenn deilda gefi sig sérstaklega að þeim börnum sem eiga erfitt með málið, stutta stund á degi hverjum- „ Gefa 10“ Rætt er um að setja orð á alla hluti. Einnig eru notaðar Pecs myndir og ljósmyndir til að hafa skilaboðin skýrari fyrir þá sem þess þurfa. Starfsmaður sem ráðinn var til að sinna tvítyngdum börnum lét af störfum í lok desember '19 en stuðningsaðilar héldu starfinu áfram, að hluta á eldri deildum.

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?

Starfsfólk í sérkennslu útbýr einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra og ráðgjafa frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

Námskráin er nýtt til að meta framfarir barnsins og ný markmið eru sett þegar barnið hefur náð þeim markmiðum sem eru í áætluninni. Ef barnið nær ekki markmiðum þá er skoðað hvað gæti valdið því og hvort það þurfi að finna aðrar aðferðir við kennsluna. Nái barnið markmiðum sem hafa verið sett eru fundin ný markmið.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna sem njóta sérkennslu.

Sérkennslustjóri og starfsmaður í þjálfari barnsins mætir á slíka fundi auk deildarstjóra og stundum kemur leikskólastjóri líka. Sérkennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð eru oftast með á þessum fundum en ekki alltaf.

Það er misjafnt hversu oft þarf að funda út af hverju barni sem nýtur sérkennslu en algengt er að hittast á 6 vikna fresti. Þetta er metið með sérkennsluráðgjöfum og foreldrum.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir:

Sérkennslustjóri heldur utan um samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir. Það er mikið samband haft við þjónustumiðstöð. Hingað í Sunnuás koma tveir sérkennsluráðgjafar reglulega eða á ca 6 vikna fresti með hverju barni sem er í sérkennslu. Auk þess koma sálfræðingar til að meta börn og veita ráðgjöf þegar þörf er á.

Varðandi aðrar stofnanir þá er oft haft samband við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfara.

Einnig erum við í sambandi við skammtímavistun í Álfalandi.

Heilsugæslustöðvar hafa líka oft samband við okkur og tala þá ýmist við deildarstjóra eða sérkennslustjóra.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

Sérkennslustjóri situr fundi með deildarstjórum á hverjum morgni þar sem færi gefst á að fara yfir daginn og fara yfir verkefnastöðu dagsins/ vikunnar. Einnig situr sérkennslustjóri deildarstjórafundum. Sérkennslustjóri leggur áherslu á að deildarstjórar hafi samband ef áhyggjur vakna varðandi ákveðin börn. Unnið er eftir ákveðnu ferli í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Snemmtæk íhlutun fer eftir vandamálum hverju sinni en

algengast er að um sé að ræða málerfiðleika, þroskaskerðingu eða erfiða hegðun. Ráðgjöf og stuðningur fer eftir eðli mála en oft er leitað til sálfræðinga eða sérkennsluráðgjafa.

Dæmi um námskeið eru: Námskeið um atferlisþjálfun og eða skráningarnámskeið hjá Greiningar og ráðgjafarstöð, Pecs námskeið (Sigrún Kristjánsdóttir), námskeið í að nota VB Mapp, námskeið í að nota Aeps listann og Tras listann.

Umbótaþættir út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsár:

Það sem við viljum bæta er :

Að þeir aðilar sem sjá um börn sem þurfa sérkennslu mæti á deildarfundi til að upplýsa hvað þeir eru að vinna með og samstarf sé um hvað deildin geti gert.

Einnig að sá aðili sem vinnur með tvítyngdu börnin hafi samráð og samstarf við deildarstjóra hverrar deildar.

Stefnt er að því að sá aðili sem sér um börn sem þurfa sérkennslu afhendi deildarstjóra deildarinnar skriflega þau áhersluatriði sem unnið er með, einkum það sem hægt er að yfirfæra yfir í daglegt starf.

Auk þess er stefnan sú að deildarstjórar hafi aðgang að sérkennslustjóra þegar þess gerist þörf í daglegu starfi og þá fundi hver og einn deildarstjóri x1 í mánuði með sérkennslustjóra. Í ákveðnum tilfellum væri gott að hafa leikskólastjóra með á þeim fundum, einkum ef fjallað er um flókin vandamál.

4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Nafn:	Heiti námskeiðs/fyrirlesari:	Dagsetning:
Allir starfsmenn	Fræðsla un félagsfærni/ Ólöf Helga Pálmadóttir	19. ágúst 2019
Allir starfsmenn	Barnasáttmálinn/ Ellen Calmon	4.október 2019
Allir starfsmenn	Vinnustofur/ Stjórnunarteymið	4.október 2019
Allir starfsmenn	Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar	17.janúar 2020
Allir starfsmenn	Barnasáttmálinn verkefnavinna/ Deildastjórar	4.október 2019 17.janúar 2020
Helga Svava Hauksdóttir	Skyndihjálpanámskeið	Mái 2020
Ragna Jóhannsdóttir	Barnasáttmálinn/námskeið	Júní 2020

Leikskólakennarar sækja ráðstefnur og námskeið innanlands og utan eins og kostur gefst. Við ætlum okkur að sækja ráðstefnu varðandi Frjálsan leik 27. október 2020

6. Foreldrasamvinna

Í foreldraráði Sunnuáss eru að í það minnsta fimm fulltrúar foreldra barna og leikskólastjóri. Í foreldraráð er kosið að jafnaði í september ár hvert á þar til boðuðum fundi. Foreldraráð leikskólans setur sér starfsreglur í samræmi við leiðbeinandi reglur Skóla og frístundasviðs. Foreldrafundir eru haldnir að hausti, í upphafi dags og eru deildarskiptir. Fundirnir eru nýttir til að kynna fyrir foreldrum fyrirkomulag dagskipulags og námskrá vetrarins af viðkomandi deildarstjóra.

Foreldrar eru boðaðir í tvö samtöl á hverju skólaári og samstarf haft við þá um fleiri samtöl ef þurfa þykir.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og aðalfundur þess er haldinn snemma á haustönn hvers leikskólaárs. Á aðalfundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og reynt eftir fremsta megni að í stjórnina fáið fulltrúar frá öllum deildum leikskólans. Í stjórn félagsins situr jafnframt einn fulltrúi leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins skal móta dagskrá komandi leikskólaárs á fyrsta fundi sínum eftir að hún kemur saman. Stjórnin tekur mið af hefðum og viðburðum fyrri ára. Foreldrafélagið hefur á undanförunum árum staðið fyrir ýmsum viðburðum barnanna til handa s.s leiksyningum, jóladansleik, vorferð og ásamt því hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftaferð elsta árgangs leikskólans. Þátttaka foreldrafélagsins í viðburðum tekur ávallt mið af fjárhagslegri stöðu þess. Í foreldrafélagið er innheimt árgjald sem er valfrjálst.

7. Samstarf leik – og grunnskóla

Áherslur: Leikskólarnir Sunnuás, Brákarborg, Langholt og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla og frístundamiðstöðina Glæðheima.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

Leiðir: Áætlun vegna samstarfs Sunnuáss og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík frá síðasta skólaári. Má þar m.a. nefna að elstu börn leikskólanna í hverfinu fara í heimsókn í Langholtsskóla í tilefni Dags íslenskrar tungu. Þar eru allir hóparnir

með atriði og fulltrúi Langholtskóla er með kynningu um Jónas Hallgrímsson. Í desember er elsta árgangi barna í leikskólunum boðið í Langholtsskóla að sjá jólaleikrit 6. bekkjar. Í janúar koma nemendur í 1. bekk ásamt kennurum í heimsókn í gamla leikskóla barnanna. Þau leika sér saman og 1. bekkur afhendir boðskort vegna væntanlegrar skólaheimsóknar. Nemendur úr 7. bekk koma í heimsókn í leikskólana í mars og lesa fyrir börnin. Elstu börn leikskólanna og nemendur í 1. bekk hittast við ýmis tækifæri eins og á stóra leikjadeginum í Langholtsskóla og í Laugardalnum og skreyta tré. Skólastjóri í Langholtsskóla tekur á móti leikskólabörnunum þegar þau koma í fyrstu heimsókn og sýnir þeim skólann. Samráðsfundur kennara beggja skólastiga er haldinn að vori, fundarefni er endurmat samstarfsins á líðandi skólaári og næsta skólaár skipulagt. Frístundamiðstöðin Glaðheimar er þátttakandi í samstarfinu, heimsóknir barnanna þangað eru skipulagðar yfir skólaárið þar sem þau kynnast umhverfinu og starfsfólki. Samstarfsverkefnið hlaut Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs.

Langholtsskóli er þátttakandi í þróunarverkefni sem fjallar um hvernig hægt er að koma í veg fyrir brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Það ber yfirskriftina „Reception project“ <http://receptionproject.eu/>. Leikskólinn Sunnuás tekur þátt í þessu verkefni og sóttu deildarstjórar Langasands og Hlíðarenda ráðstefnu sem haldin var í Grikklandi í byrjun apríl 2019. Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá þremur öðrum leikskólum í hverfinu og frístundarmiðstöðinni Glaðheimum ásamt fulltrúum frá Noregi, Danmörku, Írlandi, Englandi, Grikklandi og Króatíu.

8. Skipulagsdagar

19. ágúst 2019

4.október 2019

22. nóvember 2019

17.janúar 2020

16.mars 2020/skipulagsdagur varðandi covid

22. maí 2020

9. Fylgigögn

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Sunnuás**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F Langholt með kynningu á veitarstærri	1 S	1 Þ Fulveidisdagur söngstund í tlefnidags	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	10 ára afmæli Sunnuás
2 S	2 M	2 F Mennskvika hl	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi Dagur einhverfa	2 S	2 M Útskrift elstu barna Sunnuás	2 F
3 M verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
Sunnuás opnar eftir sumarfrí	6 S	6 Þ Dyngja með kynningu á veitarstærri	6 F	6 S	6 M Þrettandagur, jólin kvöld, þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Slóðannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M 2. þátttökuæðlögun á vöggu deildum	7 M Kynningu á veitarstærri	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Unhverfisdagur í Sunnuás	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur fæðis	8 F Kynningu á veitarstærri	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F Blár dagur - höldum upp á dag einhverfa	9 S	9 M	9 F
Innanhús aðlag hefst milli delida	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Sameiginl. skipulagsd leik og grunn.	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Skipulagsdagur Sunnuás	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F	14 M 2. þátttökuæðlögun á Langholti	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ Híðarendi með kynningu á veitarstærri	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Unniverfid í Sunnuás	16 F Baikur dagur	16 M	16 M	16 L	16 Þ Spengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M Sumarhátíð, þjóðhátíð í Sunnuás	16 F
17 M	17 F Langlandsur með kynningu á veitarstærri	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F Höldum upp á Dagur s.d.s í n.	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Bernarne nningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
Sameiginl. skipulagsd leik og grunn skóla	21 M 3. þátttökuæðlögun á vöggu deildum	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S Alþóðlegi Dagur s.d.s í n.	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ Ás með kynningu á veitarstærri	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M Bjólum konum í lífi barnanna í kaffi	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
1. þátttöku aðl. hefst, á yngstu deildum	24 F	24 L Fyrsti veitrandagur	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ	25 F Söngstund teiknuð ölum tungumálum Evrópski	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Söngstund teiknuð ölum tungumálum	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ skipulagsd Sunnuás alþibangsadagur	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F alþibjag Þongsadagur balli í söngstund	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
1. þátttöku aðl. hefst, á eldri deildum	31 M	31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Umsögn foreldraráðs Leikskólinn Sunnuás

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helle Kristensen

Karl Ásgeir Geirsson

Líney Halla Kristinsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.

- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð staðfestir að starfsáætlun Sunnuáss 2020-2021 inniheldur alla þá þætti sem óskað er eftir.

Starfsáætlun leikskólans Sunnuáss er metnaðarfull og verður spennandi að sjá hvernig til tekst á næsta ári. Það var leitt að ekki var hægt að hefja markvissa vinnu með börnunum um barnasáttmálann, en ekki furða að svo fór, enda fór allt skipulag úr skorðum á vorönn. Vonandi gefst betra tækifæri til þeirrar vinnu á næsta starfsári.

Foreldraráð vill hrósa leikskólanum Sunnuási fyrir góð viðbrögð og skýrt skipulag á tímum verkfalls og samkomubanns. Það hefur verið mikið álag á starfsfólki, börnum og foreldrum á vorönninni, enda fór dagleg rúttína öll úr skorðum lengst af. Sömuleiðis vill foreldraráð koma á framfæri gagnrýni á borgaryfirvöld er verkfallið varðar og lengd þess. Val á formanni samninganefndar borgarinnar var sérlega vanhugsað og ekki til þess fallið að afstýra eða stytta verkfall. Slíkt dómgreindarleysi er ekki boðlegt þegar samið er um kaup og kjör.

Helle Kristensen
Karl Ásgeir Geirsson
Líney Halla Kristinsdóttir